

Dreifibréf BSRB

Nr. 1 - 4. árg.

Febrúar 2009

Ekki sambærilega réttindi

A-deild LSR og lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara frá desember 2008

Lög nr. 169 árið 2008 um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara (réttindaávinnsla o.fl.), voru samþykkt í lok desember 2008. Lögin fóru hratt í gegnum þingið, rétt eins og lögin umdeildu frá 2003, en taka þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 2009. Tilgangurinn með frestun gildistöku er að veita þeim sem lögin ná til „ákveðinn aðlögunartíma“ eins og segir í athugasemdum við frumvarpið. Því verður réttindaávinnsla óbreytt fram á sumar 2009 og áunnin réttindi ekki skert.

Gefið hefur verið í skyn af sumum þingmönnum og ráðherrum að þegar nýju lögin taka gildi búi þeir við sambærileg réttindi og opinberir starfsmenn sem eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Því miður er þetta ekki sannleikanum samkvæmt.

Nýju lögin koma í staðinn fyrir hin umdeildu eftirlaunalög frá 20. desember 2003 sem hafa sætt mikilli gagnrýni í þjóðfélaginu allt frá samþykkt þeirra, sérstaklega hvað varðar forréttindi ráðherra og þá aðallega forsætisráðherra. Breytingar voru gerðar á sumum ágöllum á lögnum frá 2003, svo sem réttinum til að fara á eftirlaun frá og með 55 ára aldri (verður 60 ára). Einnig var réttindaávinnslan minnkuð í 2,375% fyrir hvert ár í starfi hjá alþingismönnum og ráðherrum, en var 3% og 6%. Sérreittindi forsætisráðherra voru felld niður og laun frá ríkinu koma að fullu til frádráttar eftirlaunum (þannig að ef ráðherra eða alþingismaður á eftirlaunum er jafnframt á hærri launum frá ríkinu en eftirlaun hans eru þá falla þau niður - ef launin eru á hinn bóginn lægri fær hann mismuninn greiddan í eftirlaunum). Gildir þessi breyting jafnt fyrir þá sem þegar hafa hafið töku eftirlauna og hina sem fara á eftirlaun síðar.

Enn forréttindi

Þrátt fyrir breytingar er langt í land með að alþingismenn og ráðherrar búi við sömu réttindi og almennt gilda fyrir opinbera starfsmenn. Eftirlaunaréttindi ráðherra og alþingismanna eru enn mun meiri en starfsmanna ríkisins sem greiða í A-deild LSR. Þar munar sérstaklega á snemmtöku lífeyris, makalífeyri og réttindaávinnslu. Að auki hlýtur að vekja athygli að breytingin samkvæmt nýsamþykktum lögum nær í raun aðeins yfir þá alþingismenn sem fyrst komu á þing árið 2004 eða síðar. Þeir sem urðu þingmenn fyrir þann tíma geta valið sér lífeyrisréttindi samkvæmt eldri lögum frá 1965. Þeir geta safnað réttindum næstu ár og e.t.v. áratugi miðað við eldri lögin - að undanskildu því að geta ekki þegið eftirlaun og laun frá ríkinu samtímis eins og raunar var hægt áður. Þingmenn og ráðherrar í þessari stöðu geta ákveðið hvorum lögnum lífeyrisréttindi þeirra lúta um leið og þeir hefja töku lífeyris.

Villandi samanburður

Látið var að því liggja, bæði í athugasemdum við greinar frumvarpsins í desember síðastliðnum og í ræðum ýmissa þingmanna og ráðherra, að réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra sé í hlutfallslegu samræmi við réttindaávinnslu sjóðfélaga í A-deild LSR. Þannig segir m.a.:

„Með 3. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra verði 2,375% fyrir hvert ár þingsetu eða eftir atvikum í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári. Er þannig gert ráð fyrir að eftirlaunahlutfall þessara aðila verði lægra en samkvæmt núgildandi lögum.

Verði frumvarpið að lögum verður réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra í hlutfallslegu samræmi við réttindaávinnslu sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að teknu tilliti til hærri iðgjalda“.

Sumir þingmenn og ráðherrar gáfu líka í skyn að verið væri að færa lífeyrisréttindi alþingismanna að því sem er í A-deild LSR. Þannig kom eftirfarandi fram í viðtali við forsætisráðherra í kvöldfréttum RÚV 23. desember 2008:

Spurning fréttamanns: „En kemur til greina af hálfu forsætisráðherra að réttindaávinnsla þingmanna og ráðherra verði sú sama og hjá öðrum opinberum starfsmönnum.“

Geir H. Haarde: „Ja, hún er í raun og veru sú sama þegar tekið er tillit til þess að almennir ríkisstarfsmenn borga 4% af launum sínum sem iðgjald en þessi hópur borgar 5%. Ávinnslan er nákvæmlega sambærileg við það sem er hjá A-deildinni, 1,9% þar, 2,375% hjá þessum hópi.“

Þetta er mjög villandi framsetning. Það er rétt út af fyrir sig að 5/4 af 1,9% gefur 2,375%. Það kemur málinu bara ekki við varðandi samanburðinn því önnur réttindi þingmanna eru mun meiri en hjá almennum ríkisstarfsmönnum.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG og formaður BSRB, sagði m.a. við umræðu um lögin á Alþingi þegar þessar prósentur voru nefndar: „Ég reyndi að gera grein fyrir því í máli mínu að þessi margföldun og reiknikúnstir ganga hreinlega ekki upp vegna þess að horfa verður til annarra þátta en launanna eða lífeyrisgreiðslanna einna. Það verður að horfa til makabótaréttar og það verður að horfa til réttindakerfisins í heild.“

Ef það væru sambærileg réttindi sem fengjust hjá þingmönnum og ráðherrum annars vegar og A-deild hins vegar, þá þyrfti mótframlag frá ríki vegna þingmanna að sjálfsgöðu líka að hækka til að standa undir aukinni réttindaávinnslu. Þannig þyrfti mótframlag ríkisins líka að hækka um 5/4 af framlaginu í A-deild, þ.e. 5/4 af 11,5% eða í 14,375%. Þá yrði mótframlagið sem ríkið þyrfti að standa undir 25% hærra fyrir ráðherra og þingmenn en fyrir sjóðfélaga í A-deild.

En það sem skiptir ekki síður máli er að þarna er alls ekki um sambærileg réttindi að ræða. Mótframlag ríkisins þarf í raun að vera mikið hærra en hér greinir. Réttindin sem þingmenn og ráðherrar hafa umfram starfsmenn hjá A-deild eru veruleg og því á þessi samanburður ekki við - kostnaðurinn og réttindi þingmanna fyrir hvert réttindaprósent er því mun meiri. Því er þessi samanburður sem nefndur er um 1,9% og 2,375% ávinnslu og 4% og 5% iðgjald bæði ósanngjarn og villandi.

Enn meiri forréttindi

Makalífeyrir í A-deild LSR er greiddur til maka sjóðfélaga og fær makinn helming af áunnum rétti sjóðfélaga. Makalífeyrir er greiddur í þrjú ár að fullu en síðan helmingast hann næstu tvö ár. Eftir það fellur rétturinn niður nema viðkomandi eigi börn undir 22 ára aldri. Hjá alþingismönnum er hins vegar greiddur makalífeyrir frá því að réttur myndast og til æviloka maka. Hann fellur því ekki niður eins og hjá almennum starfsmönnum í A-deild. Þarna er því verulegur munur á réttindum.

Sjóðfélagar í A-deild geta flýtt töku lífeyris. Kjósi sjóðfélagi að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur skerðist áunninn lífeyrir um 6% fyrir hvert ár fram að 65 ára aldri. Þessi skerðing vegna snemmtökunnar varir út ævina hjá almennum sjóðfélaga. Kjósi þingmaður eða ráðherra hins vegar að taka lífeyri fyrir 65 ára aldur skerðist lífeyririnn á meðan hann er í öðru starfi hjá ríkinu en skerðingin fellur hins vegar niður þegar þeim störfum sleppir. Eftir það heldur þingmaðurinn/ráðherrann fullum réttindum eins og hann hafi ekki flýtt töku lífeyris. Þarna er líka verulegur réttindamunur.

Breyting fyrir minnihluta þingmanna

Nýju lög sem taka eiga gildi í júlí á þessu ári koma að öllum líkindum ekki til með að gilda nema fyrir minnihluta þingmanna. Flestir þingmenn munu geta valið að lög sem giltu áður en lög umdeildu voru sett árið 2003 eigi við um þeirra lífeyrisréttindi, það er lög sem sett voru árið 1965. Þau lög fela í sér lífeyrisrétt sem er mun meiri en hjá starfsmönnum ríkisins almennt og einnig ríkulegri réttindi en nýju lög sem samþykkt voru í desember 2008. Til dæmis er réttindaávinnsla ráðherra 6% á ári í lögum frá 1965. Makalífeyrir er þar líka meiri,

sérstaklega við stutta þingmennsku, því við hálfan makalífeyri eins og í nýju lögunum bætist 20% álag á þingfararkaup.

Meirihluti núverandi þingmanna var kominn á þing fyrir lagabreytinguna í desember árið 2003. Nýju lögin eiga því aðeins við um þingmenn sem tóku sæti á þingi í fyrsta sinn eftir 1. janúar 2004 en kosið var til þings síðast vorið 2007. Það þýðir að við töku lífeyris geta þingmenn með lengri þingsetu valið að lögin frá 1965 gildi um þá og þeirra réttindaávinnslu framvegis, meðan þeir sitja á þingi. Áhrif nýju laganna eru því mun minni en ætla mætti. Þau taka að því er virðist aðeins til minnihluta þingmanna, það er 23 af 63 þingmönnum, eftir því sem næst verður komist. Hinir, um 40 að tölu, geta valið að eldri lögin gildi um þeirra sérréttindi.

Það er því verulega ofsagt að lífeyrisréttur þingmanna sé orðinn sambærilegur við réttindi ríkisstarfsmanna í A-deild LSR eftir að nýju lögin taka gildi í júlí 2009. Hér eru sérreglur á ferðinni sem gilda um ráðherra og alþingismenn. Jafnframt fylgir aukinn kostnaður við umsýslu lífeyrissjóðsins vegna þess að kerfið er flókið og óhagkvæmt. Nær væri að hafa réttindin og innborgun eins og í A-deildinni. Ef markmiðið var að auka gagnsæi og jöfnuð gagnvart starfsmönnum ríkisins hefur lítið áunnist.